

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 5. febrúar 2026

Mál nr. S-4356/2025:

Héraðssaksóknari

(*Sonja Símonardóttir saksóknarfulltrúi*)

gegn

Páli Gísla Jónssyni

(*Auður Björg Jónsdóttir lögmaður*)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 15. janúar 2026, var höfðað með ákæru, útgefinni af héraðs-saksóknara 21. ágúst 2025, á hendur Páli Gísla Jónssyni, kennitala [...], [...], og nafngreindum manni „fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa, í sameiningu, sunnudaginn 28. mars 2021, í iðnaðarhúsnæði að [...] í Reykjavík, haft í vörslum sínum í sölu- og dreifingarskyni 57 kannabisplöntur, 29.150 g af kannabisplöntum og 25.420 g af maríhúana og hafa um nokkurt skeið fram til þess dags ræktað greindar plöntur en lögregla lagði hald á framangreind fíkniefni við leit.

Telst þetta varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Jafnframt er krafist upptöku á 57 kannabisplöntum, 29.150 g af kannabisplöntum og 25.420 g af maríhúana. Þá er einnig krafist upptöku á 6 viftum (munir [...]), 4 lömpum (munir [...]), 2 kælikössum fyrir loftræstingu (munir [...]), 45 ljósaperum (munir [...]), 48 lömpum (munir [...]), 47 straumbreytum (munir [...]), 3 [skiljurum] með glerkúpli og snúningsró (munir [...]), 4 led lömpum (munir [...]) og 12 loftsíum (munir [...]), allt sbr. 6. og 7. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 1. og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“

- Verjandi ákærða gerir aðallega þá kröfu að ákærinni verði vísað frá dómi þar sem hún uppfylli ekki skilyrði c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, til vara að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins, en til þrautavara að ákærða verði engin refsing gerð eða honum gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Verjandinn gerir ekki athugasemdir við að ákærvaldið geri upptæka þá muni sem krafist er upptöku á.

Loks krefst verjandinn hæfilegra málsvarnarlauna í samræmi við tímaskýrslu, sem greiðist úr ríkissjóði, og að fjárhæð sakarkostnaðar verði lækkuð.

3. Ákæran var upphaflega gefin út á hendur ákærða og meðákærða saman. Við þingfestingu málsins var hins vegar upplýst að ekki hefði tekist að birta fyrirfall fyrir meðákærða, þar sem hann væri ekki á landinu og ekki vitað hvar hann væri niður kominn. Til að fyrirbyggja tafir í málinu var málinu skipt upp og þáttur meðákærða skilinn frá þætti ákærða, sbr. 2. mgr. 169. gr. laga nr. 88/2008. Var jafnframt stofnað nýtt mál um þátt meðákærða en meðferð þessa máls haldið áfram undir upphaflegu málsnúmeri.

I Málsatvik

4. Upphaf málsins má rekja til þess að lögreglumenn urðu þess varir við almennt eftirlit að mjög sterka kannabislykt leiddi frá austurhlið atvinnu- og iðnaðarhúsnæðis að [...] í Reykjavík, en tilkynning um þetta barst 24. mars 2021. Um er að ræða fasteign með nokkrum iðnaðarbilum og barst lyktin frá einu þeirra. Umrædd fasteign reyndist vera eign fyrirtækisins A en iðnaðarbilin leigð út til einstaklinga og fyrirtækja.
5. Lögregla hélt á staðinn á ný aðfaranótt 27. sama mánaðar og fannst enn fersk og stöðug kannabislykt frá gluggum sem opnir voru á 2. hæð á suður- og austurhlið bils nr. fimm. Mikill hiti barst sömuleiðis frá gluggunum við skoðun með hitamyndavél. Sjá mátti í gegnum þá glugga sem ekki höfðu verið byrgðir að búið var að útbúa nokkur herbergi á 2. hæð bilsins. Snjór lá yfir svæðinu og mátti sjá för eftir bifreið inn eða út úr bilinu.
6. Lögregla hélt aftur á staðinn næstu nótt þar á eftir, 28. mars 2021. Var þá búið að loka glugga á suðurhlið húsnæðisins, en fersk og stöðug kannabislykt barst enn frá glugga á 2. hæð á austurhlið hússins. För sáust enn í snjónum eftir bíl sem ekið hafði verið inn og út úr húsinu. Rætt var við nágranna sem sögðust hafa orðið varir við grunsamlegar mannaferðir við húsið, en þeir vissu ekki hver væri með bilið á leigu.
7. Húsleit var gerð í húsnæðinu 29. mars 2021 að fengnum úrskurði dómara. Við húsleitina kom í ljós að búið var að útbúa sérstakt rými fyrir kannabisræktun, en inngangi að því rými lokað með hlera. Þá mátti sjá rafmagnstöflu fyrir framan rýmið, sem greinilega hafi verið sett upp sérstaklega fyrir kannabisræktunina og lagnir inn í rýmið þar sem ræktunin var. Er lögreglumenn opnuðu inn í rýmið komu þeir að manni í vinnugalla, sem var að klippa og þurrka kannabisplöntur. Var þar um að ræða þann mann sem ákærður var í

Þessu máli og nefndur er meðákærði í þessum dómi. Var maðurinn handtekinn og honum kynntur réttur handtekinna manna.

8. Meðákærði kvaðst hafa verið fenginn til að klippa kannabisplöntur sem voru í ræktunar-rýminu og þurrka þær. Hann kvaðst ekki vita hver væri með bilið á leigu en ákærði hefði ráðið hann til að klippa og þurrka kannabisplönturnar. Hafi hann átt að fá nokkur hundruð þúsund fyrir vinnuna. Meðákærði heimilaði lögreglu að skoða síma sinn, en í honum sást að hann hefði 27. mars 2021 átt sex símtöl við tengilið sem nefndur var *Pali Darbs* í símanum. Var ákærði skráður réttthafi þess númers sem samskiptin höfðu verið við.
9. Tæknideild lögreglunnar var kölluð á staðinn og ljósmyndaði hún vettvang og hafði yfir-umsjón með vinnu á vettvangi. Voru plöntur teknar niður, efni tekin og tæki og búnaður til ræktunar haldlagt. Kemur fram að um stóra ræktun hafi verið að ræða. Lögregla hafi klippt niður fjórar plöntur en 57 plöntur hafi verið á snúrum. Í rýminu hafi verið 135 pottar með mold og klipptum stöngli. Hafi margir þeirra verið þreifaðir og þeir verið blautir í sárið. Ætla megi því að fjöldi plantna hafi verið 135 þegar byrjað hafi verið að klippa. Hæð þeirra hafi verið 40–110 sm. Mikið maríhúana hafi einnig verið í þurrk-grindum og margir pokar með stönglum og laufum. Einn poki hafi verið með mulningi.
10. Meðákærði greindi frá því í skýrslu hjá lögreglu 29. mars 2021 að vinnufélagi hans hefði boðið honum að aðstoða sig við kannabisræktun. Hann hafi átt að mæta tvisvar til þrisvar í viku og klippa plönturnar fyrir þóknun sem hafi verið 10.000 krónur fyrir unna klukkustund. Vinnufélaginn hafi fylgt honum á staðinn og sýnt honum allt sem hann hafi þurft að gera, en það hefði verið á laugardagsmorgni, 36 klukkustundum áður en hann hafi verið handtekinn á staðnum. Kvaðst meðákærði hafa sýnt lögreglu Facebook-síðu mannsins sem hann þekkti sem Palla en vissi ekki föðurnafn hans. Kvað hann vinnufélagann hafa farið að spyrja út í kannabisræktun um mánuði fyrr og spyrja sig hvort hann vildi hjálpa honum með uppskeru kannabisræktunar. Þeir hafi svo komið saman á staðinn þar sem ræktunin hafi verið degi eða tveimur áður en vinnan við að klippa plönturnar hafi byrjað, tveimur til þremur dögum áður en hann hafi verið handtekinn.
11. Meðákærði kvaðst ekki vita hver ætti ræktunina en hann hélt að vinnufélagi hans ætti hana ekki einn. Hún væri allt of stór fyrir hann einan en vinnufélaginn hefði sagt honum að leigan fyrir húsnæðið væri 500.000 krónur á mánuði. Kvaðst hann ekki hafa vitað hvað hafi átt að gera við ræktunina annað en að klippa og þurrka og svo kannski selja.

Meðákærði vissi sömuleiðis ekki hvenær ræktunin hefði verið sett upp, hann hefði aðeins komið að henni skömmu áður en hann var handtekinn.

12. Skýrsla var tekin af ákærða degi eftir að ræktunin var tekin niður, 29. mars 2021. Kvaðst ákærði hafa verið fenginn til að vinna við ræktunina af aðila, sem hann vildi ekki nafngreina, um það bil mánuði fyrr. Hann hefði ekki fengið greiðslu fyrir þá aðstoð og vissi ekki hvað hann hefði átt að fá greitt. Sá aðili sem fengið hefði hann til verksins myndi stíga fram og greina frá því að hann ætti ræktunina. Ákærði kvaðst aðeins hafa verið fenginn til að aðstoða og svo fengið meðákærða til að aðstoða sig. Kvaðst ákærði nánar tiltekið hafa verið fenginn til að smíða í rýminu en fengið meðákærða til að taka ræktunina niður. Gólfíð í rýminu hafi verið ónýtt og ákærði tekið að sér að laga það. Ákærði kvaðst einnig hafa vökvað plönturnar, en hann hafi fyllt á tunnu.
13. Ákærði kvaðst hafa fengið meðákærða til að vinna fyrir sig við ræktunina. Hann hafi átt að fá 10.000 krónur á klukkustund. Ákærði kvaðst hafa farið með meðákærða á staðinn einum eða tveimur dögum áður en hann hafi byrjað að vinna, tveimur til þremur dögum áður en lögregla fór inn í húsnæðið. Ákærði neitaði því að hafa komið að uppsetningu ræktunarinnar og hann væri ekki eigandi hennar. Hann hefði hins vegar séð um ræktunina undanfarinn mánuð til einn og hálfan. Upprunalega hafi hann þó aðeins verið fenginn til að laga gólfíð í húsnæðinu en málin þróast þannig að hann hafi séð um ræktunina. Eigandi ræktunarinnar væri einn. Sá aðili hafi sett ræktunina upp og ákærði svo komið inn er plönturnar hafi verið byrjaðar að vaxa. Þá kvaðst hann ekki vita hvað hann hefði átt að gera eftir að ræktunin hefði verið tekin niður en líkast til fengið fyrirmæli um það.
14. Hinn 27. apríl 2021 var tekin skýrsla af nafngreindum manni hjá lögreglu sem kvaðst hafa tekið húsnæðið, sem ræktunin var í, á leigu 10–15 mánuðum áður. Hann hafi ætlað húsnæðið til að gera við bíla í samstarfi við tvo aðra, en upp úr samstarfinu hafi slitnað. Hann hafi einn greitt leigu, 450.000 krónur á mánuði. Ofan á það legðist kostnaður vegna hita og rafmagns. Kvaðst hann hafa framleigt húsnæðið í gegnum vin sinn, sem hann kvaðst ekki vilja nafngreina, til einhvers Palla sem hann hélt að væri bifvélavirki eða sprautari. Greindi hann einnig frá því að Palli og ákærði væru sami maðurinn. Framleigan hafi hafist þremur mánuðum eftir að leigusamningurinn hafi tekið gildi og Palli haft rýmið á leigu í 9–13 mánuði. Vinurinn hafi haft milligöngu um leiguna en hann tekið á móti henni frá nefndum Palla. Hann hafi svo greitt leigusalanum. Kvaðst maðurinn hafa komið í rýmið sjö eða átta mánuðum áður en þá hafi ekkert verið í því. Þá neitaði maðurinn að vera eigandi ræktunarinnar.

15. Skýrsla var tekin öðru sinni af ákærða 10. nóvember 2021. Kvaðst hann halda sig við fyrri framburð. Hann hafi ekki þekkt nöfn eigenda ræktunarinnar. Sagði hann jafnframt við það tækifæri að hann hefði átt að fá 10.000 krónur fyrir hverja klukkustund. Það hafi hins vegar aldrei verið greitt. Sagðist hann engin tengsl hafa við nafngreinda manninn, sem hafði gefið framangreinda skýrslu, leigutaka húsnæðisins. Er honum var sýnd mynd af manninum kvað hann vel geta verið að hann hefði verið viðstaddur er hann hefði verið fenginn til að laga þetta. *Það eru alveg líkur á því sko*, sagði ákærði. Ákærði kvaðst hins vegar ekki vita hver hann væri. Það væri hins vegar rangt hjá manninum að ákærði hefði tekið húsnæðið á leigu og hann hefði aldrei greitt honum leigu.

II

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

16. Ákærði bar fyrir dómi að hann hefði verið fenginn til þess af öðrum að laga gólf, milliloft, í því rými þar sem kannabisræktunin var. Gólfið hafi sigið og í raun verið ónýtt. Hann hafi hins vegar ekki verið eigandi ræktunarinnar. Ákærði sagði að smíðavinnan hefði hafist mánuði eða einum og hálfum mánuði áður en ræktunin var tekin niður. Ákærði vildi ekki gefa upp nafn þess manns sem ráðið hafi hann til smíðavinnunnar þar hann kvaðst vera hræddur við hann. Sá hafi beðið ákærða um að hjálpa vini sínum, sem ákærði kvaðst ekki vita hver væri. Hann hefði ekki spurt um nöfn. Ákærði kvaðst hafa haft aðgang að rýminu. Hann hafi hitt tvo aðila fyrir utan rýmið í upphafi, sem hafi afhent honum lykilinn og sýnt honum rýmið.
17. Ákærði sagði að gólf ræktunarrýmisins hefði verið klætt með spónaplötum, sem vatn hefði lekið á. Kvaðst hann hafa sett plast á gólfið, ofan á spónaplötturnar, og raðað timburlektum yfir gólfið þannig að hægt væri að standa á því. Meðákærði hefði svo hjálpað honum að rífa niður plöntur og taka ræktunina niður þannig að hann gæti lagað gólfið. Ákærði hafi verið á staðnum í nokkra daga fyrir þann tíma, ekki dag eftir dag, en alltaf komið þegar hann gat. Ákærði kvaðst hafa fengið meðákærða til að aðstoða sig því gólfið í rýminu hafi verið við það að brotna. Hann hafi sýnt meðákærða hvað hafi þurft að taka niður, en ekki hvað meðákærði hafi átt að gera.
18. Ákærði kvaðst hafa átt að fylla á tunnur með vatni ef þær væru tómar. Hann kvaðst hins vegar hvorki hafa gert það né vökvað ræktunina. Sagðist hann hafa átt að hrista tunnuna, sem ákærði kvaðst hafa gert einu sinni. Um hafi verið að ræða bláa tunnuna undir borði. Hann hefði hins vegar aldrei sett vatn í tunnuna. Ákærði kvað að hann hefði ekki viljað

vera á þessum stað, heldur verið fenginn til að laga gólfið og beðinn um að fylgjast með tunnunni, en ekki til að vökva. Hann hafi ekki verið beðinn um að fylgjast með öðru.

19. Hvað greiðslu til hans varðar, þá sagði ákærði að ákveðin fjárhæð hafi ekki verið nefnd en að hann hafi átt að fá vel greitt, vel yfir 10.000 krónur á klukkustund. Hann hafi hins vegar boðið meðákærða 10.000 krónur á klukkustund, svart, sem væri góður peningur. Ákærði kvaðst hafa ætlað að bæta tímum meðákærða við sína eigin tíma og rukka tengilið sinn, eða láta hann hafa samband við einhvern annan. Ákærði kvaðst þó ekki hafa verið ábyrgur fyrir því að greiða meðákærða. Tengiliður ákærða hafi vitað að ákærði þyrfti að taka ræktunina niður, sem hann hafi neitað að gera.
20. Ákærði skaut á að yfir 100 plöntur hefðu verið í rýminu. Hann hafi ekki komið nálægt ræktuninni og viti ekkert um svona ræktun eða hvað hafi átt að gera við uppskeruna. Ákærði kvaðst hafa keypt lyktareyði til að drepa niður lykt, en vond lykt hafi verið af plöntunum í rýminu. Kvaðst hann hafa sett lyktareyðinn nálægt hurðinni. Ákærði taldi sig hafa farið 10–15 sinnum inn í rýmið, til að vinna í gólfinu. Ákærði kvaðst hafa unnið sem múrari en aldrei verið í bílaviðgerðum eða braski. Ákærði neitaði því einnig að hann hefði tekið húsnæðið á leigu. Þá kvaðst hann ekki þekkja leigutaka húsnæðisins og engum hafa greitt fyrir afnot af húsnæðinu. Kvaðst hann ekki hafa vitað hver leigði húsnæðið.
21. Aðspurður um framburð sinn hjá lögreglu áréttaði ákærði að gólfið hafi verið að hrynja og hann haft samband við tengilið sinn og sagt honum að hann vildi ekki vinna þar lengur. Sá hafi sagt að taka þyrfti ræktunina niður en ákærði kvaðst ekki hafa vitað hvað í því fælist, hvort færa ætti potta og plöntur eða klippa plönturnar niður. Hann hafi hins vegar fengið meðákærða til að taka ræktunina niður. Sagði hann ekki rétt að hann hefði sýnt meðákærða hvað hann ætti að gera. Hann hefði ekki sýnt honum annað en rýmið, hvar það væri og hvernig hann ætti að fara inn í það. Ákærði sagði einnig rangt eftir sér haft hjá lögreglu að hann hefði gefið plöntunum að drekka. Hann hefði hins vegar hrist dunkinn, en alltaf hefði verið eitthvað í tunnunni. Kvaðst ákærði ekki hafa séð um ræktunina en hann hefði verið inni í rýminu og séð um gólfið. Vinnan hafi tekið lengri tíma en hann áætlaði. Hann hafi í upphafi haldið að vinnan tæki tvo, þrjá eða fjóra daga, en hún hafi tekið lengri tíma. Aðspurður um það hvað ætti að gera við efnin eftir að ræktunin hefði verið tekin niður kvað ákærði að skilja hefði átt efnin eftir.

22. B gaf skýrslu sem vitni fyrir dómi, en vitnið skrifaði frumskýrslu og upplýsingaskýrslu í málinu. Lýsti vitnið því að borist hefðu upplýsingar um kannabislykt. Vitnið hafi farið með félaganum á staðinn, tvö kvöld í röð. Húsnæðið hafi einnig verið skoðað með hitamyndavél. Lögregla hafi því óskað eftir hútleitarúrskurði sem hafi fengist. Lögregla hafi farið inn í húsnæðið og komið að manni, meðákærða, sem hafi sagst hafa verið ráðinn af ákærða til að klippa niður plönturnar. Staðfesti vitnið sömuleiðis skýrslur sínar. Sagði vitnið að um tveggja hæða iðnaðarbil hafi verið að ræða, með sérherbergi á efri hæð með rafmagnstöflu fyrir utan. Hleri hafi verið inni í bilinu og þeir séð meðákærða inni í rýminu. Leigutakinn hefði búið til millirýmið sem ekki hefði átt að vera það. Ræktunin hafi verið staðsett á milliloftinu, í sérstöku herbergi. Niðri hafi verið bíll og mótorhjól. Meðákærði hafi leyft þeim að skoða síma sinn og þeir séð að símtöl höfðu átt sér stað á milli ákærða og meðákærða. Sagði vitnið að ræktunin hefði ekki verið nýkomin upp því efnin hefðu verið komin í þurrk.
23. C gaf skýrslu sem vitni fyrir dómi. Kvaðst hann hafa séð um rannsókn málsins. Meðákærði hefði verið tekinn fyrir morguninn eftir handtöku og hann bent á ákærða, sem hann sagði að hefði fengið sig til að klippa plönturnar niður fyrir 10.000 krónur á tímann. Vitnið sagðist næst hafa tekið skýrslu af ákærða, sem hefði þvertekið fyrir að eiga ræktunina. Hann hefði sagt að hann hefði verið fenginn til að laga gólf.
24. Vitnið kvaðst hafa aflað leigusamnings frá leigusala húsnæðisins. Skýrsla hafi þá verið tekin af leigutakanum, sem hafi sagt að hann hefði leigt rýmið áfram til ákærða, þar sem ekki hefði orðið af fyrirhugaðri opnun bílaverkstæðis í húsnæðinu. Kvað vitnið að það hefði þó ekki verið 100% skýrt að hann hefði verið að vísa til ákærða, heldur rætt um Palla. Kvað vitnið að aldrei hefði fengist svar við spurningunni um það hver hefði leigt bilið. Vitnið kvaðst hafa yfirheyrt ákærða aftur sem hafi sagt að það væri ekki rétt að hann hefði haft húsnæðið á leigu. Ákærði hafi einnig sagt að einhver myndi koma til lögreglu og taka á sig umrædda ræktun. Sá aðili hefði hins vegar ekki haft samband.
25. D gaf skýrslu sem vitni fyrir dómi. Kvaðst vitnið muna takmarkað eftir málinu, vegna fjölda mála sem það kæmi að og langs tíma sem liðinn væri. Kvaðst vitnið vísa til skýrslu sinnar, þ.m.t. einblöðungs með texta, myndaskýrslu og tækniskýrslu. Kvaðst vitnið ekki muna eftir viðgerðum á gólfi. Miðað við lýsingar í skýrslunni hafi það staðið yfir að taka ræktunina niður. Nokkrar plöntur hafi enn verið í mold en búið að klippa aðrar plöntur niður. Stíllar hafi verið blautir, en vitnið mundi ekki hvort græðlingar hefðu fundist.

Vitnið kvaðst hafa ályktað að þetta hefði verið nýlega tekið niður, enda hefði meðákærði verið handtekinn á staðnum.

26. E, sérfræðingur hjá lögreglu, gaf skýrslu sem vitni fyrir dómi. Staðfesti hún að hún hefði fengið kannabisræktun til sín. Hún hefði talið heilar plöntur og vigtað. Plöntuhlutar í þurrki hafi ekki verið taldar heldur einungis vigtaðar. Þess utan hafi hún mótttekið maríhúanaskúnka og lauf, sem hafi verið efni í þurrki. Hluti af efnunum, um 10% af plöntum í pottum, hafi verið sendur í rannsókn til Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Staðfesti vitnið efnaskýrslu sína í málinu. Sagði vitnið einnig auðséð að búið hafi verið að taka hluta ræktunarinnar niður þegar lögreglu hafi borið að, þar sem plöntuhlutar hafi verið í þurrki.
27. F, [...] hjá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, gaf skýrslu sem vitni fyrir dómi. Staðfesti hann matsgerð rannsóknastofunnar, dags. 20. apríl 2021, sem frammi liggur í málinu. Þeim hafi borist sex blómstrandi kannabisplöntur og fundist hafi 95 mg/g tetrahýdrókannabínóls í þurru sýni.

III

Niðurstaða varðandi sekt eða sýknu o.fl.

28. Ákærði er sem fyrr segir ákærður fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa, í félagi við annan mann, sunnudaginn 28. mars 2021, í iðnaðarhúsnæði að [...] í Reykjavík, haft í vörslum sínum í sölu- og dreifingarskyni 57 kannabisplöntur, 29.150 g af kannabisplöntum og 25.420 g af maríhúana og hafa um nokkurt skeið fram til þess dags ræktað greindar plöntur en lögregla lagði hald á framangreind fíkniefni við leit. Er þetta sem fyrr segir talið varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
29. Samkvæmt 1. mgr. 173. gr. a almennra hegningarlaga skal hver, sem andstætt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni lætur mörgum mönnum í té ávana- og fíkniefni eða afhendir þau gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt, sæta fangelsi allt að 12 árum. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal sá sæta sömu refsingu, sem gegn ákvæðum nefndra laga framleiðir, býr til, flytur inn, flytur út, kaupir, lætur af hendi, tekur við eða hefur í vörslum sínum ávana- og fíkniefni í því skyni að afhenda þau á þann hátt, sem greint er í 1. mgr. ákvæðisins.

30. Verjandi ákærða gerir aðallega þá kröfu að ákærinni verði vísað frá dómi þar sem hún uppfylli ekki skilyrði c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Kom þessi krafa fyrst fram í munnlegum málflutningi við aðalmeðferð málsins fyrir dómi. Í nefndu ákvæði eru tiltekin þau atriði sem fram eiga að koma í ákæru. Hefur verjandi ákærða ekki rökstutt þessa kröfu sína með nokkrum hætti. Þá verður ekki séð að tilefni sé til að víkja ákærinni frá dómi á þessum forsendum. Er frávísunarkröfu ákærða þar af leiðandi hafnað.

31. Ákærði neitar sök. Hefur hann staðfastlega tekið fyrir það að hafa átt umrædda kannabisræktun. Í skýrslu sinni hjá lögreglu kvaðst ákærði hafa verið fenginn til að lagfæra gólfið undir ræktuninni og til að vökva plönturnar. Kvaðst hann hafa átt að sjá um ræktunina fyrir annan mann, sem hann vildi ekki nafngreina, og fengið meðákærða til að klippa plönturnar. Fyrir dómi kvaðst ákærði aðeins hafa átt að laga gólfið, en kannaðist ekki við að hafa komið að ræktuninni sjálfri eða að hafa átt að sjá um hana. Hann hafi fengið meðákærða til að taka ræktunina niður til að gera honum kleift að laga gólfið, en ekki sagt honum hvað hann ætti að gera. Þá væri það ekki rétt að hann hefði séð um að vökva plönturnar.
32. Meðákærði, sem handtekinn var á staðnum við að klippa niður kannabisplöntur, gaf ekki skýrslu fyrir dómi, þar sem hann fannst ekki. Meðákærði greindi hins vegar frá því í skýrslu sinni hjá lögreglu 29. mars 2021, eins og áður segir, að vinnufélagi hans, ákærði, hefði boðið honum að aðstoða sig við kannabisræktun. Hann hefði átt að mæta tvisvar til þrisvar í viku og klippa plönturnar fyrir þóknun, sem hafi verið 10.000 krónur fyrir unna klukkustund. Staðfesti ákærði, bæði fyrir lögreglu og fyrir dómi, að sú tala væri rétt og að hann hefði fengið meðákærða til að taka ræktunina niður.
33. Meðákærði sagði einnig fyrir lögreglu að ákærði hefði fylgt honum á staðinn og sýnt honum allt sem hann hafi þurft að gera. Ákærði gekkst við því hjá lögreglu. Fyrir dómi kvaðst hann aðeins hafa sýnt meðákærða kannabisræktunina og hleypt honum inn í hús-næðið, þannig að hann gæti tekið ræktunina niður, af því að ræktunin hafi verið fyrir honum og hann ekki getað lokið við smíðavinnu á gólfinu vegna hennar.

34. Meðákærði bar einnig hjá lögreglu að ákærði hefði farið að spyrja hann út í kannabis-ræktun um mánuði fyrr og hvort hann vildi hjálpa honum með uppskeru slíkrar ræktunar. Meðákærði kvaðst ekki vita hver ætti ræktunina en hann hélt að ákærði ætti hana ekki einn. Hún væri allt of stór fyrir hann einan en hann hefði sagt honum að leigan fyrir húsnæðið væri 500.000 krónur á mánuði. Kvaðst meðákærði ekki hafa vitað hvað hafi átt að gera við ræktunina annað en að klippa og þurrka og svo kannski selja. Meðákærði vissi sömuleiðis ekki hvenær ræktunin hefði verið sett upp, hann hefði aðeins komið að henni skömmu áður en hann var handtekinn.

3

35. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Hafi vitni ekki komið fyrir dóm og þess ekki verið kostur við meðferð máls, en skýrsla hefur verið gefin hjá lögreglu eða öðrum stjórnvöldum meðan málið var til rannsóknar, metur dómari hvort slík skýrsla hafi sönnunargildi í málinu og þá hvert það sé, sbr. 3. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008.

36. Samkvæmt 115. gr. laga nr. 88/2008 metur dómari sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans. Í því sambandi skal meðal annars hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans. Það er mat dómsins að framburður ákærða fyrir dómi hafi verið ótrúverðugur. Innra samræmi í framburði hans fyrir dómi var ábótavant, svo sem um það hvert hafi verið hlutverk hans við ræktunina. Framburður hans var einnig óskýr og svör hans loðin, svo sem um það við hverja hann hefði rætt, hvaða fyrirmæli hann hefði gefið meðákærða o.fl. Síðast en ekki síst dró ákærði verulega úr framburði sínum í samanburði við þann framburð sem hann gaf hjá lögreglu við rannsókn málsins, sem þykir að mati dómsins mun áreiðanlegri en framburður hans fyrir dómi. Hefur ákærði ekki gefið trúverðugar skýringar á því misræmi. Verður af þessum sökum horft framhjá breyttum framburði ákærða fyrir dómi en þess í stað tekið mið af framburði ákærða hjá lögreglu, svo langt sem hann nær.

37. Meðákærði gaf sem fyrr segir ekki skýrslu fyrir dómi. Hann gaf hins vegar skýrslu hjá lögreglu, eins og áður segir. Skýrsla hans hjá lögreglu fær stuðning af skýrslu ákærða hjá lögreglu og öðrum gögnum málsins, en meðákærði var auk þess handtekinn á staðnum við að klippa niður kannabisplöntur. Þykir skýrsla meðákærða hjá lögreglu vera trúverðug og hafa sönnunargildi í málinu, en þann fyrirvara verður þó að gera að ekki gafst

tækifæri til að spyrja hann nánar út í atvik fyrir dómi. Hins vegar verður ekki séð að meðákærði hafi reynt að fegra hlut sinn á kostnað ákærða eða annarra eða gera meira úr hlut ákærða en efni stóðu til.

38. Samkvæmt 126. gr. laga nr. 88/2008 metur dómari sönnunargildi vitnisburðar við úrlausn máls. Í því sambandi skal meðal annars hugað að afstöðu vitnis til ákærða, hagsmunum þess af málsúrslitum, þroska þess, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minni, ástandi og hegðun þess við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn. Í þessu máli komu aðeins fyrir vitni sem höfðu unnið að málinu eftir að meint brot var framið. Gerðu vitnin grein fyrir aðkomu sinni. Þykir framburður þeirra hafa verið trúverðugur.

4

39. Samkvæmt 109. gr. laga nr. 88/2008 metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafi, sem og skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, á ákæruvaldinu. Í því felst að telji dómari skynsamlegan vafa leika á um að ákærði hafi framið þann verknað sem honum er gefinn að sök í máli, þá leiðir það til sýknu ákærða.
40. Eigandi þess húsnæðis sem umrædd kannabisræktun fannst í hefur ekki verið ákærður í málinu, né heldur leigutaki húsnæðisins. Ákærði, sem kveðst hvorki hafa leigt húsnæðið né vera eigandi ræktunarinnar, er aftur á móti ákærður sem vörslumaður þeirra efna sem hald var lagt á á vettvangi. Ákærði hafnar því að hafa leigt húsnæðið, að hann hafi verið eigandi ræktunarinnar, sem og því að hann hafi haft vörslur þeirra efna sem tilgreind eru í ákæru. Að þessu virtu verður að telja vafa um það í málinu hver hafi átt umrædda kannabisræktun. Þá er einnig vafi um það hvort ákærði hafi haft húsnæðið á leigu eða ekki. Verður þessi vafi skýrður ákærða í hag, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008.
41. Þegar það er hins vegar virt að ákærði gekkst við því í skýrslu hjá lögreglu, sem metin er trúverðug þar sem frásögn hans hjá lögreglu fær bæði stoð í gögnum málsins og trúverðugum framburði meðákærða hjá lögreglu, að hafa verið fenginn til þess að sjá um umrædda ræktun fyrir annan, þótt það hafi ekki verið ætlunin eða fyrirséð í upphafi, þ.m.t. að vökva kannabisplönturnar og að fá meðákærða til að taka ræktunina niður, þykir

ekki varhugavert að slá því föstu að ákærði hafi haft þau efni sem rakin eru í verknaðarlýsingu ákærunnar í vörslum sínum.

42. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómsins að ákærði hafi verið þátttakandi í brotastarfsemi með verkskiptri þátttöku og að hlutur ákærða hafi verið með þeim hætti að telja verði víst að hann hafi haft umrædd efni í vörslum sínum. Þá þykir sömuleiðis ekki vafi um að efnin hafi verið ætluð til sölu og dreifingar hér á landi og að ákærða hafi verið það ljóst, sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga. Framburður ákærða fyrir dómi um hið gagnstæða þykir aftur á móti ótrúverðugur, eins og áður segir. Verður ákærði samkvæmt þessu sakfelldur fyrir það brot sem honum er gefið að sök í málinu. Þykir brot ákærða sömuleiðis rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

IV

Niðurstaða varðandi refsingu ákærða og önnur atriði

43. Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 19. ágúst 2025, hefur ákærði ekki áður sætt refsingu að undanskildum tveimur lögreglustjórásáttum vegna umferðarlagabrota, 23. júní 2020 og 6. október 2021. Hafa þær sáttir engin áhrif við ákvörðun refsingar í þessu máli. Verður framangreint virt ákærða til málsbóta við ákvörðun refsingar í málinu, sbr. 5. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði þykir ekki eiga sér aðrar málsbætur.
44. Af gögnum málsins má ráða að rannsókn málsins hafi að mestu leyti farið fram á fyrri hluta ársins 2021, en svo legið niðri um langt skeið. Hefur sá dráttur sem orðið hefur á meðferð málsins hjá lögreglu, sem ákærða verður á engan hátt kennt um, ekki verið útskýrður með neinum hætti. Er hann verulega ámælisverður og verður litið til þessa við ákvörðun refsingar ákærða í málinu.
45. Á hinn bóginn verður jafnframt horft til þess til refsíþyngingar að um var að ræða mikið magn fíkniefni, sem telja verður að ákærða hafi verið ljóst að væru ætluð til sölu og dreifingar hér á landi. Kannabisræktunin var sömuleiðis á lokastigi og efnin nánast tilbúin til sölu og dreifingar. Þá var um að ræða samverknað og verkskipta þátttöku í brotastarfsemi og var brot ákærða framið í auðgunarskyni. Brotavilji ákærða var jafnframt styrkur og einbeittur. Verður litið til þessa við ákvörðun refsingar í málinu, sbr. 1., 6. og 7. tölulið 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.
46. Með hliðsjón af framangreindu, sakarefni þessa máls og dómvenju þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún

niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

47. Með vísan til lagaákvæða í ákæru eru gerðar upptækar 57 kannabíspöntur, 29.150 g af kannabíspöntum og 25.420 g af maríhúana, sex viftur (munir [...]), fjórir lampar (munir [...]), tveir kælikassar fyrir loftræstingu (munir [...]), 45 ljósaperur (munir [...]), 48 lampar (munir [...]), 47 straumbreytar (munir [...]), þrjár skiljur með glerkúpli og snúningsró (munir [...]), fjórir led-lampar (munir [...]) og 12 loftsíur (munir [...]).
48. Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Auðar Bjargar Jónsdóttur lögmanns, 1.097.245 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og að teknu tilliti til tímayfirlits lögmannsins.
49. Frammi liggur í málinu heildaryfirlit um sakarkostnað, sem ákærvaldið gerir kröfu um að ákærði verði dæmdur til að greiða, alls að fjárhæð 1.226.904 krónur. Virðist stærstur hluti þess kostnaðar vera geymslukostnaður á árunum 2021–2024. Af gögnum málsins má hins vegar ráða, eins og áður segir, að rannsókn málsins hafi að mestu leyti farið fram á fyrri hluta ársins 2021. Verður ákærða sömuleiðis ekki kennt um þann drátt sem varð á því að ljúka rannsókn og gefa út ákæru. Verður honum þar af leiðandi ekki gert að bera geymslukostnað frá upphafi árs 2022 til september 2024. Stendur þá eftir sakarkostnaður að fjárhæð 582.117 krónur. Þykir rétt að ákærði beri helming þess kostnaðar, eða 291.059 krónur, enda þykir rétt að kostnaðurinn deilist til helminga á milli þeirra sem að kannabísræktuninni komu og ákærðir voru í máli þessu í upphafi. Er ákærði annar þeirra.
50. Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Sonja Símonardóttir saksóknarfulltrúi.
51. Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Kröfu ákærða, Páls Gísla Jónssonar, um að ákærinni verði vísað frá dómi er hafnað.

Ákærði, Páll Gísli Jónsson, sæti fangelsi í 15 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði sæti upptöku á 57 kannabisplöntum, 29.150 g af kannabisplöntum og 25.420 g af maríhúana, sex viftum (munir [...]), fjórum lömpum (munir [...]), tveimur kælikössum fyrir loftræstingu (munir [...]), 45 ljósaperum (munir [...]), 48 lömpum (munir [...]), 47 straumbreytum (munir [...]), þremur skiljurum með glerkúpli og snúningsró (munir [...]), fjórum led-lömpum (munir [...]) og 12 loftsíum (munir [...]).

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Auðar Bjargar Jónsdóttur lögmans, 1.097.245 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og 291.059 krónur í annan sakarkostnað.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson